

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um verkefni og starfshætti stjórnarnefndar
og um verkefni Framkvæmdasjóðs fatlaðra, nr. 20, 9. janúar 1990.

1. gr.

Ný 18. gr. komi inn, svohljóðandi, og númer annarra greina breytist til samræmis:

Heimilt er á árinu 1991 að verja allt að 13,5% af ráðstöfunarfé sjóðsins til að standa undir meiri háttar viðhaldsframkvæmdum á stofnunum og heimilum fatlaðra, sbr. 2. mgr., sem sannanlega teljast ekki til rekstrarviðhalds.

Með stofnunum og heimilum, sbr. 1. mgr., er átt við: Sambýli, vistheimili, meðferðarheimili, skammtímafóstrheimili, dagvistarstofnanir fatlaðra, leikfangasöfn, sumardvalarheimili og verndaða vinnustaði.

2. gr.

Í stað „15.–17. gr.“ í 18. gr., komi: 15.–18. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1991.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn Hvammstangahrepps og fundarskóp hreppsnefndar.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Hvammstangahrepps skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsþúa.